

Myndbandið “Hvernig verður ullin til? Hluti 3”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þætti:

- allar grunnaðferðir til að búa til flík úr bandi
- nokkur dæmi af flíkum – ásamt viðkomandi kind sem gaf ull í flíkina
- horft til baka: ullarefni þæft með fótunum; mismunandi vefstólar
- ullarfatnaður áður fyrr – framleiddur frá grunni heima á bæ: nokkur dæmi

Flestir kannast við þennan síðasta þátt. Enn í dag fæst band eða garn af ýmsu tagi, íslenskt og innflutt, úr alls konar hráefnum, allir kunna að prjóna eða þekkja einhvern sem kann það, handprjónaðar lopapeysur í öllum litum og gerðum hafa verið vinsælar í marga áratugi. Margir kunna líka að hekla og saumavélar eru til á mörgum heimilum. Hins vegar skortir marga persónulega reynslu á vefnaði í dag – þótt flest efni sem er dagsdaglega notað sé ofið. Þess vegna er vefnaði lýst aðeins betur, á meðan prjón, hekl og saumaskapur er eingöngu nefnt í 1-2 táknmyndum. En dæmiflíkur af öllum aðferðum eru sýndar.

Enn í dag eru til dæmis vettlingar og sokkar oft þæfðir til að gera þá þéttari, hlýrri og endingarbetri. Áður fyrr var þetta skref stór þáttur í framleiðsluferlinu, eins og lýst er í myndbandinu (“tunnubóf” – sem gefur einnig hugmynd um hvaðan orðið “málþóf” kemur upphaflega!).

Í lok myndbandsins kemur fram ungt fólk í sparifötum sem voru að langmestu leyti unnin alveg frá grunni heima á bænum, frá kind til flíkur, fyrir meira en 100 árum. Hér er hægt að staldra við og hverfa í huganum aftur í tímann, setja sig inn í spor þeirra sem eru á myndunum jafnaldra eða lítið eldri en nemendurnir eru í dag.

Talandi um gamla tímann: Í dag virðist handavinna oftast stunduð af stelpum/konum. En hlutfallslega prjóna fleiri íslenskir karlmenn en karlar margra annara Evrópulanda. Áður fyrr prjónuðu og ófu í mörgum tilfellum bæði karlar og konur, spunnu á snældu, kembdu ull, þæfðu efni eða flíkur.

Meira um efnið:

- Bókin “Vefnaður” eftir Halldóru Bjarnadóttur (1966) sem veitir djúpa innsýn í vefnaðarlist úr íslenskri ull sem var stunduð í íslenskum sveitum áður fyrr
- Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi – raunverulegir safngripir sem sýna einmitt þessa fataframleiðslu heima á bænum (bæði úr heimaunninni ull og úr innfluttu efni): textile.is
- á ensku og fleiri tungumálum er að finna á Youtube ótal leiðbeiningamyndbönd um alla framleiðsluþætti frá reyfi til flíkur

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Nú er bandið til. Hvað gerist næst?
- Hver ykkar kann að þrjóna? Hekla? Vefa? Sauma á saumavél? (Er þetta eitthvað bara fyrir stelpur? Hvernig var það í gamla daga?)
- Veit einhver ykkar hvað það tekur marga klukkutíma til að þrjóna lopapeysu – í meðalstærð? Ef bandið er keypt tilbúið?
- Ef við margföldum þetta núna við lágmarkslaun (hvert er það?) – hvað er þá lágmarksverðið á peysunni?
- Skoðum til dæmis jakkann sem ungi maðurinn er í í lok myndbandsins: Hvaða skref þurfti að taka að hann varð til? Gískað mjög gróflega – hversu margir klukkutímar skyldu hafa farið í þennan jakka? Hvað þyrfti hann að kosta í dag?
- *Vísbending út fyrir rammann sem myndböndin setja: Hér væri hægt að skipta yfir á tengt umræðuefni: Föt í dag – hráefnið, fyrirhöfn við framleiðsluna, laun, fataverð í búðinni? Hvar eru fötin framleidd? Hver framleiðir þau? Hvað þýðir “designed in Iceland” ef sama flík er “made in China”?*

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net